

FUNDARGERÐ

Árið 2019, miðvikudaginn 23. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð og Tinnu Dahl Christiansen.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 2. október 2019

Lögð var fram fundargerð frá 2. október 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 2. október 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2019

Priðja áætlun

Lögð voru fram til umfjöllunar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2019 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2020

Fyrsta áætlun

Lögð voru fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 803 ma.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2019 verði um 1.719 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2020 verði 1.770 ma.kr.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

4. Innheimtustofnun sveitarfélaga

Áætluð fjárþörf 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. október 2019 ásamt bréfi Innheimtustofnunar sveitarfélaga dags. 21. október 2019.

Í erindi Innheimtustofnunar kemur fram áætlun um innheimtu meðlaga og áætlaða fjárþörf úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2020. Stofnunin áætlar að innheimt meðlög nemi alls um 3.900 m.kr. og að áætluð fjárþörf úr Jöfnunarsjóði nemi um 550 m.kr. á árinu 2020.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við framlagða áætlun Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2020 um 550 m.kr. áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði.

5. Framlög til sérstakra verkefna

Sameining Eypings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá stýrihóp um endurskipulagningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, dags. 10. október 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 21. október 2019.

Sótt er um framlag vegna stofnunar nýs félags með sameiningu áður nefndra félaga á grundvelli 12. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutverk félagsins verði að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á svæðinu. Áætlað er að beinn kostnaður við stofnun félagsins sé 16 m.kr.

Eftir umfjöllun nefndarinnar var umsókninni hafnað og byggir ákvörðunin m.a. á því að hagræðing af sameiningu félaganna eigi að koma til móts við þann kostnað sem til fellur vegna sameiningarinnar. Þá þótt nefndinni ekki sýnt að verkefnið falli undir 12. gr. reglugerðar 1088/2018.

6. Framlög til sérstakra verkefna

Umsókn frá Sambandinu – stafræn þjónusta hjá sveitarfélögum

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um styrk vegna ráðningar breytingarstjóra stafrænnar þjónustu sveitarfélaga, dags. 17. október 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. október 2019.

Fram kemur í erindinu að um nýtt starf sé að ræða og tilgangurinn sé að greiða fyrir virkri þátttöku sveitarfélaga í þeirri stafrænu byltingu sem nú á sér stað, einkum með því að leggja grunn að samstarfi þeirra þar að lútandi og sameiginlegum áhersluverkefnum. Þá verði lögð áhersla á að kynna stafræn tækifæri í uppbyggingu á nýrri stjórnsýslu fyrir sveitarfélögin sem eru í sameiningarferli.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 63 m.kr. og er sótt um 40% kostnaðarþátttöku eða 25 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði.

Eftir umfjöllun nefndarinnar var umsókninni hafnað. Þegar hefur verið ráðið í starfið og má því ætla að gert hafi verið ráð fyrir ráðningunni í rekstraráætlun sambandsins. Telur nefndin því að ráðningin geti rúmast innan reksturs Sambandsins.

7. Dómur Hæstaréttar

Uppgjör vegna árána 2017 og 2018

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2019, ásamt mögulegu fyrirkomulagi endurgreiðslna á skuld Jöfnunarsjóðs við Fasteignasjóð í kjölfar dóms Hæstaréttar, nr. 34/2018.

Til að réttarástandi væri komið í lögumætt horf eftir dóm Hæstaréttar voru fimm sveitarfélögum greiddar 462,8 m.kr. sumarið 2019. Til að fjármagna greiðsluna til sveitarfélagana hefur komið til umræðu að taka lán úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiða fjárhæðina til baka á nokkrum árum. Að öðrum kosti þyrfti að greiða fjárhæðina af höfuðstóli.

Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að Jöfnunarsjóði verði heimilt að nýta allt að 1.300 m.kr. úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs til að mæta uppgjöri við þau fimm sveitarfélög sem fengu greidd of lág framlög úr sjóðnum á árunum 2013–

2018. Sjóðnum er jafnframt heimilt að halda eftir að hámarki sömu fjárhæð af framlögum sjóðsins sem renna skal til baka í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Eftir umfjöllun var samþykkt að leggja til við ráðherra að tekið verði lán úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga svo unnt verði að koma til móts við þessar greiðslur til sveitarfélaganna. Sá fyrirvari er settur við samþykktina að breytingar á lögum um tekjustofna hafi tekið gildi. Þá skal skoðað að dreifa endurgreiðslum á átta til tíu ár í stað fjögurra. Birgir Björn Sigurjónsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og bókaði eftirfarandi:

Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018, þar sem komist var að því að ekki hafi verið heimilt að skerða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1226/2012, leggur ráðgjafarnefnd til við ráðherra að ríkissjóður greiði umræddum sveitarfélögum framkomna kröfu þeirra fyrir árin 2017 og 2018.

Ekki eru lagalegar forsendur fyrir þátttöku Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í greiðslu til sveitarfélaga vegna skertra framlaga. Umræddar kröfur beinast að ríkissjóði og eru vegna ófullnægjandi lagasetningar sem er alfarið á ábyrgð ríkissjóðs. Ótækt er að slík mistök leiði til skertra framlaga til handa sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði. Um er að ræða lögbundin tekjustofn sveitarfélaga sem verður ekki á nokkurn hátt skertur nema með lagasetningu, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

Ekkert hefur komið fram sem sýnir að ótilgreind sveitarfélög hafi fengið ofgreidd framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 2013-2018 og engar forsendur eru fram komnar sem réttlæta slíka kröfugerð gagnvart ótilgreindum sveitarfélögum sem tekið hafa við framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í góðri trú.

8. Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lögð var fram áætlun um úthlutun á framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 19. október 2019.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2020 nema framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 5.106,7 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til skuldar við verkefnið vegna ársins 2019 að fjárhæð 29,7 m.kr. og greiðslu til Fasteignasjóð vegna dóms Hæstaréttar að fjárhæð 25,6 m.kr. er áætlað fjármagn til ráðstöfunar á árinu 2020 5.051,4 m.kr. Skv. reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 3.030,8 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningastofna sem eru í gildi á árinu 2019, með álagningarhlutfalli þess árs. Greiðslan er innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2020.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 5.051,4 m.kr. á árinu 2020 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2020. Samþykktin er gerð með fyrirvara að breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hafi tekið gildi fyrir áramót.

9. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar

Lögð voru fram til kynningar drög að frumvarpi laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

10. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2020 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

11. Reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga

Lagðar voru fram til kynningar drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga ásamt áætluðum framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga byggð á áður nefndum reglum.

12. Útgjaldajöfnunarframlög 2019

Tillaga að úthlutun á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2019. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 19. október 2019, ásamt yfirliti yfir útgjaldajöfnunarframlög.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga árið 2019. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2019 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Nefndin samþykkti tillögu um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2019 á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

13. Útgjaldajöfnunarframlög 2020

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2020, sbr. 14. gr. reglugerðar 1088/2018, samtals að fjárhæð 10.400 m.kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 9.600 m.kr. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun til B-hluta framlaganna sem er skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2020 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2019.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2019.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2019.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2017, 1. jan. 2018, 1. jan. 2019 og 1. júlí 2019 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í október 2019 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2019 vegna tekjuskerðingar.

- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
 - Reykjavík
 - Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
 - Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
 - Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2019.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2020 að fjárhæð 10.400.000.000 kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

14. Greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2020

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2020 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

15. Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2020, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 9.600 m.kr. á árinu 2020. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2018 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 9.660 m.kr. á árinu 2020.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2020:

1. Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2019.
2. Upplýsingar um skólagerð.
3. Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2019.
4. Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2018 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2019.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2020, samtals að fjárhæð 9.660 m.kr.

16. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lögð var fram áætlun vegna framlaga sérþarfa fatlaðra grunnskólanemenda fyrir árið 2020, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2019.

Samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að framlagið hækki um 117 m.kr. frá 2019. Áætlað framlag til Reykjavíkurborgar er 1.517.302.460 og til annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur eru áætluð framlög 1.063.200.000 kr. Nokkurrar óvissu gætir um nákvæm framlög til einstakra sveitarfélaga þar sem enn er eftir að meta nokkurn hóp nemenda SIS-C mati.

Ráðgjafarnefnd samþykkti tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2020, samtals að fjárhæð 2.580.502.460 kr.

17. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2020

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2019, ásamt yfirliti yfir áætlað framlag vegna íslenskukennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál vegna fjárhagsársins 2020.

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafraeðslu vegna 3.035 nemenda með íslensku sem annað tungumál. Undanfarin ár hefur viðbótarframlagið, sem greitt er vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga, numið 130.000 kr. á ársgrundvelli á hvern nemenda. Áætlað heildarframlag samkvæmt því er 394,55 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir framlagi til Menntamálastofnunar að upphæð 15,6 m.kr. skv. samningi um starf verkefnisstjóra.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra að framlög vegna hvers nemenda hækki úr 130.000 kr. í 150.000 kr. Heildarframlag vegna íslenskukennslu er þá áætlað samtals 470,85 m.kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

18. Greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2020

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2020 vegna yfurfærslu málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

19. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2019

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að 3. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags 22. október 2019.

Búið er að uppfæra stöðu þjónustu á svæðum að teknu tilliti til:

1. Nýliðunar í málaflokknum.
2. Framkvæmd endurmats á núverandi SIS mati.
3. Aðrar þjónustubreytingar einstaklinga, þ.m.t. andlát einstaklinga og kostnaðarbreytingar vegna þjónustu við einstaklinga án SIS mats.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að 3. áætlun almennra framlaga 2019 verði samþykkt.

20. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2020

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2020, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. október 2019.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2020 er 17,4 ma.kr., sem er hækkun um 700 m.kr. frá fyrra ári. Við það bætast 70 m.kr. vegna leiðréttingar á framlögum ársins 2018.

Framlögin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%)
- Vægi útsvars (10,75%)
- Innviðir (1,25%)

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að 1. áætlun almennra framlaga fyrir árið 2020 með óbreyttum stuðlum að fjárhæð 17.470.000.000 kr. verði samþykkt.

21. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Klettaskóli

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. október 2019, um framlag úr Fasteignasjóði vegna uppbyggingar á hæfingaraðstöðu við Klettaskóla ásamt fylgiskjölum.

Tvær greinargerðir liggja fyrir um málið, annars vegar frá lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. maí 2019, og hins vegar frá lögfræðingi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 4. september 2019. Einnig hefur verið lagt fram minnisblað um framlag úr Fasteignasjóði vegna uppbyggingar á Klettaskóla frá borgarlögmanni, dags. 19. júlí 2019, að beiðni fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar. Enn fremur hefur verið lagt fram minnisblað borgarlögmanns um greinargerð lögfræðings samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 18. september 2019.

Þau álit sem upp hafa komið í áðurnefndum greinargerðum og minnisblöðum eru annars vegar að greina þurfi á milli þess sem telst vera skólaþjónusta í skilningi laga og þeirra þátta sem teljast til fötlunarþjónustu og hins vegar að mun ríkari kröfur hafi verið gerðar til uppbyggingar og endurbóta í Klettaskóla en almennt eru gerðar til almenns skólahúsnæðis.

Að lokinni umfjöllun var það álit nefndarinnar að greiða eigi vegna þess hluta sem sannarlega telst vera fötlunarþjónusta og tengist yfirferslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga á árinu 2011. Nefndin samþykkti því að leggja til við ráðherra að greiða Reykjavíkurborg 176,2 m.kr. vegna uppbyggingar við Klettaskóla.

Birgir Björn Sigurjónsson sat hjá og bókaði eftirfarandi:

Klettaskóli er sérskóli og hæfingarstöð fyrir nemendur með þroskahömlun og sérhæfðar þarfir og þjónar nemendum á grunnskólaaldri á landsvísu. Klettaskóli er því í raun bæði kennslu- og heilbrigðisstofnun þar sem kennsla og endurhæfing fer fram samhliða á sama stað. Því uppfyllir umsókn Reykjavíkurborgar um úthlutun úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna

frankvæmda sem fóru fram á árunum 2015-2018, á hæfingaraðstöðu við Klettaskóla ákvæði d-
liðar 2. gr. reglugerðar nr. 460/2018.

22. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 29. nóvember kl. 12:00 og þarnaesti fundur verður haldinn
20. desember kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:50.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson